

Páskatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Gloria

eftir Vivaldi



Fjölbreytt dagskrá hátíðlegra barokkverka

Antonio Vivaldi
Gloria RV 589

Antonio Lotti
Credo í F

Giuseppe Torelli
Trompetkonsert í D dúr

Einsöngvarar: Hildigunnur Einarsdóttir og Helena Guðlaug Bjarnadóttir

Einleikari á trompet: Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Kammerkórinn Hymnodia

Hljómsveitarstjóri: Eyþór Ingi Jónsson



Ávarp



Barokktónlist. Hvað er það sem kemur fyrst í hugann?: Gleði, kraftur, trompetar, fullt af nótum, skraut, gylling, þokki? Hversu margir ungir tónlistarnemendur hafa borist á vængjum barokktónlistar á æðri stig þegar þeir ná þeim langþráða áfanga að geta spilað konsert eftir Vivaldi eða minuet eftir Bach? Þessi tónlist birtist okkur víða í dag í dægurlögum, tölvuleikjum og auglýsingum og svo einnig á klassískum tónleikum svo eitthvað sé nefnt.

Antonio Vivaldi, eða “rauði presturinn” eins og hann var stundum kallaður, (hann var vígður til prests, en starfaði stuttlega sem þjónn kirkjunnar) kenndi við munuðarleysingjaskóla í Feneyjum Ospedale della

Pietà þar sem ungar stúlkur fengu tilsögn í listum og sér í lagi tónlist.

Á kvöldin í Feneyjum breyttist borgin oftast í lifandi grímuball, þar sem bæði húsbændur og hjú skemmtu sér saman í dulargerfum og vafalaust hafa margir munuðarleysingjar verið afraksturinn af “Eyes Wide Shut” gleði borgrinnar! Þetta voru ekki þó börn venjulegs fólks heldur “náttúrubörn” eins og lausaleksbörn “æðra stétta” voru kölluð. Skólinn hélt tónleika reglulega til styrktar starfseminni sem Vivald sjálfur bæði stjórnaði og samdi tónlist fyrir. Gloria var eitt af þessum verkum og geislar verkið af öllum helstu dyggðum barokks, sannkallaður dýrðasöngur. Fjórir einsöngskaflar eru eingöngu fyrir kvenraddir og hafa eldri stúlkur skólans vafalaust fengið að spreyta sig á þeim. Sagt er að til þess að manna kórinn hafi hann sótt alla karla sem hann gat krækt í, þar á meðal húsvörðinn, til að manna kór blandaðra radda.

Giuseppe Torelli var fiðlu-og víóluleikari, kennari og tónskáld. Hann starfaði aðallega í Basilica di San Petronio í Bologna sem víóluleikari. Hann samdi marga konserta í Concerto Grosso stil fyrir ýmis hljóðfæri. Hann er talinn hafi verið sá sem helst þróaði þennan stil sem er kjarni barokktónlistarinnar.

Trompet er með elstu hljóðfærum veraldar og hefur sést á veggmyndum frá tímum Faróanna og

er þess getið í biblíunni að trompetspil mun leiða inn Ragnarrök (Apocalypse). Frumhljóðfærin voru löng rör úr kopar eða bronsi og notuð til að ræsa og hvetja herdeildir. Borokktrompett var í raun svona rör með belg og munnstykki og voru mismunandi tónar stilltir eingöngu með vörunum. Í dag nota flestir trompettleikarar pikkoló trompet sem hefur ventla og er útkoman öruggari í tónhæð, þó gaman sé líka að heyra frumstæðri hljóðfæri spilar þessa tónlist.

Antonio Lotti var fæddur og starfaði aðallega í Feneyjum. Hann hóf feril sinn sem altsöngvari (kontratenór) við Markúsarkirkju, þar sem hann tók síðar við sem tónlistarstjóri. Þekktasta verkið hans er Crucifixus úr Credo hans í F, þar sem krossa mótív eru teiknuð í tónum og fléttast saman milli radda í einn alfallegasta gimstein hermitónlistarinnar. Messan verður flutt hér í heild sinni.

Þó að við hugsum oftast um barokktónlist sem kirkjutónlist, var aðaltónlist þessa tíma óperutónlist. Aðalboðskapur hennar á ennpá erindi til okkar í dag: Gleði, fögnuður, dans, skraut og dýrð. Góðaskemmtun!

Michael Jón Clarke

Efnisskrá



Antonio Lotti (1667-1740)

Credo í F-dúr

1. Credo in unum Deum
2. Crucifixus
3. Et resurrexit
4. Et vitam venturi, Amen

Giuseppe Torelli (1658-1709)

Trompetkonsert í D-dúr

5. Allegro
6. Adagio-Presto
7. Allegro

HLÉ

Dmitri Bortnianski (1751-1825)
Ige Herouvimy

Strengjaútsetning: Michael Jón Clarke (1949)

Antonio Vivaldi (1678-1741)
Gloria í D-dúr
Rv 589

1. Gloria in excelsis Deo
2. Et in terra pax
3. Dúett: Laudamus te
4. Gratias agimus tibi
5. Propter magnam gloriam tuam
6. Aría: Domine Deus
7. Domine Fili unigenite
8. Aría: Domine Deus, Agnus Dei
9. Qui tollis peccata mundi
10. Aría: Qui sedes ad dexteram Patris
11. Quoniam tu solus sanctus
- 12 Cum Sancto Spiritu

Höfundar	Antoni Lotti, Antonio Vivaldi, Bortnianski, Guiseppe Torelli
Hljómsveitarstjóri	Eypór Ingi Jónsson
Einleikari	Vilhjálmur Ingi Sigurðarson
Einsöngvarar	Hildigunnur Einarsdóttir og Helena Guðlaug Bjarnadóttir
	Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
	Kammerkórinn Hymnodia



Eypór Ingi Jónsson

Eypór Ingi Jónsson lauk kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 1998, undir leiðsögn Harðar Áskelssonar, Friðu Lárusdóttur o.fl. Á árunum 1999-2007 nam hann við Tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð, fyrst við kirkjutónlistardeild og síðar við konsertorganistadeild. Aðal orgelkennari hans var prof. Hans-Ola Ericsson. Kórstjórnarprófessorinn var Erik Westberg. Hann hefur sótt meistarakúrsa og einkatíma hjá mörgum af þekktustu orgelleikurum og kórstjórum samtímans. Eypór kennir orgelspuna, orgelleik, kórstjórn og orgelfræði við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Hann heldur líka reglulega námskeið og fyrirlestra. Hann hefur haldið hátt í 100 einleikstónleika hérlandis og erlendis. Einnig hefur hann leikið með fjölda innlendra og erlendra tónlistarmanna, bæði á tónleikum og í upptökum.

Eypór hefur bæði leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Verkefnahljómsveit Michael Jón Cllarke sem og stjórnað báðum hljómsveitunum. Hann stjórnaði líka Barokksveit Hólastiftis á meðan hún starfaði. Eypór starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju og stjórnandi kammerkórsins Hymnodia. Eypór hefur einbeitt sér annars vegar að flutningi tónlistar frá 17. öld og hins vegar nútímatónlistar og spuna, bæði fyrir orgel og kór. Undanfarið hefur hann einbeitt sér að flutningi þjóðlagatónlistar með ýmsum flytjendum, mest með eiginkonu sinni, Elvý G. Hreinsdóttur. Eypór hefur pantað og/eða frumflutt tugi tónverka eftir íslensk og erlend tónskáld. Hann er einn af forkólfum Barokksmiðju Hólastiftis. Eypór var bæjarlistamaður Akureyrar 2011-2012.



Helena Guðlaug Bjarnadóttir

Helena Guðlaug Bjarnadóttir útskrifaðist sem píanókennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1993 og lauk burtfaraprófi í píanóleik ári síðar þar sem aðalkennari hennar var Halldór Haraldsson. Hún hóf svo söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 1999 og lauk framhalds-prófi þaðan vorið 2004. Kennarar hennar voru Michael J. Clarke, Sigríður Elliðadóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir. Hún söng ýmis hlutverk í uppfærslum söngdeildar námsferlinum. Helena hefur komið fram við ýmis tækifæri sem einsöngvari með kórum á norðurlandi, þ.á.m. Kirkjukór Akureyrarkirkju, Kirkjukórum Dalvíkur- og Ólafsfjarðarkirkju og Kvennakórnum Emblu. Einnig hefur Helena komið fram

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og haldið tónleika hjá Tónlistarfélagi Akureyrar, á Sumartónleikum Akureyrar-kirkju, Hóladómkirkju og Mývatnssveitar. Hún hefur einnig komið fram nokkrum sinnum með kammerhópnum Corpo di Strumenti. Helena hefur sótt einkatíma hjá m.a. Sigríði Aðalsteinsdóttur og Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jóni Þorsteinssyni. Helena er meðlimur í Kammerkórnum Hymnodíu og árið 2012 söng hún hlutverk Dido í uppfærslu kórsins á verkinu. Ásamt því að vera starfandi söngkona, hefur Helena starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 1999 við píanókennslu og meðleik.



Hildigunnur Einarsdóttir

Hildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur hefur einnig lokið B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands og þar nam söng hjá Hlín Pétursdóttur Behrens. Hildigunnur stjórnar ÁR kórnum í Reykjavík og Kvennakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Hildigunnur kennir einnig söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Söngskólann Domus Vox og syngur m.a. með Schola cantorum, Cantoque Ensemble og Kór Íslensku óperunnar.

Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari og hefur verið áberandi í kirkjutónlistarsenunni. Hún hefur m.a. sungið einsöngshlutverkin í Messías og Judas Maccabeus eftir Händel, Mattheusarpassíu, Jóhannesarpassíu og Jónaóratoríuna eftir Bach og Guðbrandsmessu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og einnig sungið hlutverk hjá Íslensku Óperunni. Hildigunnur hefur sungið einsöng m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Barokksveitinni Brák, Caput og Kammersveit Reykjavíkur og frumflutt fjölda verka m.a. eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og Kolbein Bjarnason og Huga Guðmundsson. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.



Vilhjálmur Ingi Sigurðarson

Vilhjálmur Ingi Sigurðarson lærði á trompet við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og síðar við Tónlistarskóla Akureyrar. Vilhjálmur lauk blásara- og einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2003. Aðalkennari hans var Ásgeir Hermann Steingrímsson.

Vilhjálmur fór sama ár í framhaldsnám í Tónlistarháskólann í Osló hjá Prófessor Jan Frederik Christiansen sem var 1. trompetleikari Fílharmoníusveitar Oslóar. Hann útskrifaðist með Cand magister gráðu vorið 2005. Vilhjálmur stundaði síðan Mastersnám við Sibelíusarakademíuna í Helsinki hjá prófessor Jouko Harjanne og Touko Lundell. Meðfram náminu í Helsinki lék hann m.a. með Óperuhljómsveitinni í Helsinki, Sinfóníuhljómsveit skólans og fleiri kammerhópum. Hann útskrifast árið 2008.

Vilhjálmur hefur spilað með fjölda hljómsveita og kammerhópa og hefur jafnframt reglulega komið fram sem einleikari. Hann var fulltrúi Íslands í keppni ungra norrænna einleikara árið 2004 í

Osló þar sem keppendur voru frá öllum Norðurlöndunum. Einnig hefur hann tekið þátt í Trompetkeppni í Lieksa í Finnlandi árið 2012. Af hljómsveitunum sem Vilhjálmur hefur spilað með má helst nefna Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómsveit Íslensku Óperunnar, Sinfóníuhljómsveit Austurlands, Kammerveitinni Ísafold, Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveit æskunnar og Ungfóníu. Hann hefur sótt blásarasveitarnámskeið m.a. til Danmerkur og Finnlands á vegum Nomu (Nordisk Musik Union). Vilhjálmur hefur starfað sem hljóðfærakennari frá árinu 1999 við Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónlistarskóla Eddu Borg og við Skólahljómsveit Vesturbæjar.

Frá 2013-2017 kenndi hann við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og við Skólahljómsveit Austurbæjar. Hann starfar núna við Tónlistarskóla Akureyrar og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins.

Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

Hljómsveitarskipan SN



1. Fiðla

Greta Salóme Stefánsdóttir
Vera Panitch
Dóra Björgvinsdóttir
Justyna Bidler
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

2. Fiðla

Joaquin Páll Palomares
Guðbjartur Hákonarson
Kristján Matthíasson
Marcin Lazarz

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eydís Úlfarsdóttir

Selló

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Ásdís Arnardóttir

Bassi

Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Óbó

Gillian Haworth

Trompet

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

Orgel/Semball

Daníel Þorsteinsson

Hymnodia

Kammerkórinn Hymnodia var stofnaður árið 2003. Eypór Ingi Jónsson, stjórnandi kórsins, stofnaði hann ásamt 7 öðrum áhugmönnum um fágaðan söng og líflega framkomu. Í dag eru félagarnir í kórnum 20 auk stjórnanda. Kórinn hefur leitast við að

taka þátt í krefjandi verkefnum, stuðla að nýsköpun, samstarfi við aðra listamenn og finna nýjar leiðir í flutningi og framkomu. Hymnodia hefur haldið og tekið þátt í á annað hundruð tónleikum, víða um land og erlendis.

Sópran:

- Halla Jóhannesdóttir
- Helga Kolbeinsdóttir
- Helena Guðlaug Bjarnadóttir
- Jóna Valdís Ólafsdóttir
- Margrét Árnadóttir

Alt:

- Elvý Guðríður Hreinsdóttir
- Herdís Ármannsdóttir
- Hildigunnur Einarsdóttir
- Jana Salóme Ingibjargar Jósepsd.
- Sigrún Arna Arngrímsdóttir

Tenór:

- Guðjón Hreinn Hauksson
- Hjörleifur Hjálmarsson
- Jón Hrói Finnsson
- Jón Þorsteinn Reynisson
- Pétur Halldórsson

Bassi:

- Baldur Kristjánsson
- Hannes Sigurðsson
- Magnús Kristjánsson
- Pálmi Óskarsson
- Stip Bos

Stjórnandi:

Eypór Ingi Jónsson

Í HOFI 29. MAÍ
MIÐASALA Á MAK.IS



HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**BJARNI FRÍMANN
BJARNASON**

5. SINFÓNÍA
BEETHOVENS

& FRUMFLUTNINGUR Á NÝRRI SINFÓNÍU EFTIR
JÓN HLÖÐVER ÁSKESSON | SOS
EINLEIKARI Á MORSTÆKI **ARNGRÍMUR JÓHANNSSON**